

HEIMIR

II. ÁR.

WINNIPEG, 1905.

NR. 8—9.

Bréf frá St. G. Stephanssyni,

Í tilefni af vígslu Unitara-kyrkjunnar Íslenzku í Winnipeg.

Herra Fredric Swanson,

ritari Fyrstu Unitara-kyrkjunnar í Winnipeg.

Góði vit—: Berið alúðar-þökk konu minnar og mín sjálf til forstöðumanna Fyrstu Unitara-kyrkjunnar í Winnipeg fyrir vinar-boðið til vígslu kyrkjunnar ykkar nýju. Við sjáum eftir að hafa ekki getað þegið það. Þess varnaði okkur vegalengdin. Járnvel boðsbréfið barst okkur of seint, til þess að þessar línur gætu náð til Winnipeg fyrir vígsludaginn, eins og póstgöngum hagar hér enn.

Megi ykkur auðnast að vígja saman sannleikann og kyrkjuna!

Þá rannsókn sem vefengir villutrú manna
—er venjur og guðsorð oss hótandi banna—;
það andlega frjálslýndi, á annara böndum
í óþökk sem losar, með sármeiddum höndum;
þá lífsvon, sem felst ei í góðverka-gjöldum
en í göfugleik meiri hjá komandi öldum;
þá öruggu vissu, að vaxandi breiði
sig vízka og dygd yfir guðanna leiði;
þá staðföstu huggun, að hugsjónin geymist
í hárvissri framsókn, þó maðurinn gleymist—:
Eg bar þetta með mér, á brimsjó og landi,
eg bjargaði fé því af sérhverju strandi.
Og vel sé þér almenni og einstaklings hyggja,
sem yfir þau sannindi húsnæði byggja!

Virðingarfylst,

Stephan G. Stephansson.

Markerville, Alta. 15. okt. 1905.